

Faxaflóahafnir
b.t. Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík



Akraneskaupstaður

Akranesi, 12.febrúar 2015
málsnr. 1411138 RÁ/SPH

Efni: Landfyllingar við Akraneshöfn

HB Grandi hf. hefur lagt fram ósk um að bæta aðstæður fyrir sjávarútvegsstarfsemi fyrirtækisins á nýrri landfyllingu utan aðalhafnargarðs á Akranesi. Fyrirtækið hyggst auka starfsemi sína á Akranesi og hefur ennfremur nýlega keypt þrjú fyrirtæki á Akranesi sem tengjast sjávarútvegsstarfsemi, Norðanfisk, Vigni Jónsson og Laugafisk. Markmið fyrirtækisins er að vera með sem mest af starfseminni á Akranesi á einum stað.

Hugmyndir um stækkun hafa verið bornar upp við bæði Akraneskaupstað og Faxaflóahafnir. Starfshópur Akraneskaupstaðar um svokallað Breiðarsvæði og höfnina hefur tekið beiðni fyrirtækisins fyrir ásamt skipulags- og umhverfisráði og bæjarráði. Bæjarráð fól bærarstjóra að hefja viðræður við Faxaflóahafnir sf. um fyrirhugaða framkvæmd landfyllingarinnar. Rétt er að benda á að fram kom í umsögn skipulags- og umhverfisráðs áhersla á að Skarfavör fengi að halda sér í óbreyttri mynd og að framkvæmdir hefðu ekki neikvæð áhrif á Langasand.

Með bréfi þessu fer ég þess á leit við Faxaflóahafnir að hafnar verði viðræður á milli Akraneskaupstaðar annarsvegar og Faxaflóahafna hinsvegar um fyrirhugaða framkvæmd landfyllingar. Í framhaldinu verði teknar upp formlegar viðræður við HB Granda hf um þeirra aðkomu að málinu.

f.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri